



237. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 5. nóvember 2015 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson og Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður.

Þetta gerðist:

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs fór yfir það helsta varðandi þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

Ólympíuleikarnir í Ríó 2016

Fundað hefur verið með sérsamböndum ÍSí þar sem meðal annars hefur verið farið yfir tímaramma í ýmsum greinum varðandi þátttökurétt. Enn sem komið er eru fjórir búnir að vinna sér inn þátttökurétt á leikana. Farið var yfir mögulega keppendur á leikunum og stöðu þeirra í dag.

YOG Lillehammer

Örvar Ólafsson sótti fund aðalfararstjóra fyrir skömmu og var þar farið yfir helstu þætti varðandi skipulag leikanna.

2. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit

Afreks- og ólympíusvið

Örn Andrésson fór yfir helstu verkefni á Afreks- og Ólympíusviði ÍSí. Verið er að vinna yfirlit yfir afreksstefnur sérsambanda. Einnig er fyrirhugað að skoða enn betur skólaumhverfi afreksíþróttafólks og LÍN.

Almenningsíþróttasvið

Hafsteinn Pálsson fór yfir það helsta á Almenningsíþróttasviði ÍSí. Fyrirliggjandi er fjárfrekur flutningur á heimasíðu Lífshlaupsins og uppfærslur/lagfæringar á heimasíðum verkefna sviðsins. Rætt um nauðsyn þess að gera úttekt á heimasíðumálum ÍSí og ná heildaryfirsýn.

Þróunar- og fræðslusviðs

Sigríður Jónsdóttir fór yfir stöðu mála í Þróunar- og fræðslusviði ÍSí.

Búið er að úthluta úr Verkefnasjóði ÍSí þjálfarastyrkjum ÍSí fyrir árið 2015 með rafrænu samþykki framkvæmdastjórnar ÍSí, að tillögu sviðsins.

Útgáfumál eru í skoðun og þá sérstaklega endurútgáfa og uppfærslur á eldra fræðsluefni. Verið er að kanna kostnað við þátttöku í Ánægjuvoginni með svipuðu sniði og gert var fyrir nokkrum árum.

Sigríður skýrði frá fyrirhuguðum stjórnendanámskeiðum sem halda á í samstarfi við UMFÍ. Að lokum minntist Sigríður á undirbúningsfund sem nú stendur yfir hér í miðstöðinni, fyrir norræna barna- og unglingaráðstefnu.

3. Formannafundur 2015

Verður haldinn 27. nóvember í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kl. 16:00 með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Óformlegur fundur íþróttahéraða verður haldinn kl. 13:00 sama dag undir stjórn nefndar um samstarf íþróttahéraða.

4. Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða

Lögð fram skýrsla frá heimsóknum forseta ÍSÍ til Héraðssambands Vestfirðinga, Héraðssambands Bolungarvíkur og Héraðssambandsins Hrafna-Flóka 22. október síðastliðinn. Ferðin heppnaðist vel og var haldinn fjölmennur fundur með fulltrúum HSB og HSV á Hótel Ísafirði þar sem rædd voru ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar á þessu svæði.

5. Úthlutun úr Afrekskvennasjóði ÍSÍ og Íslandsbanka

Lögð fram tillaga að úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ. Eftirfarandi tillaga sjóðsstjórnar samþykktar:

Sundsamband Íslands – 500.000,- vegna boðsundsveitar kvenna í 4x100 m fjórsundi.

Fimleikasamband Íslands – 1.000.000,- vegna landsliðsverkefna kvenna.

Handknattleikssamband Íslands – 1.000.000,- vegna A-landsliðs kvenna.

Knattspyrnusamband Íslands – 1.000.000,- vegna A-landsliðs kvenna.

Alls er styrkveiting að þessu sinni 3,5 m.kr.

6. Afreksmiðstöð

Lagt fram minnisblað varðandi stofnun Afreksmiðstöðvar. Tillögur sem þar koma fram hafa verið samþykktar af stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur. Í stýrihópi um miðstöðina verða fulltrúar frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ, Þróunar- og fræðslusviði ÍSÍ, Afrekssjóðs ÍSÍ, ÍBR og KSÍ. Stefnt er að formlegri stofnun Afreksmiðstöðvar á Formannafundi ÍSÍ. Forseta veitt heimild til að vinna að málinu í samræmi við framkomnar tillögur.

7. Íþróttamaður ársins 2015

Minnt á að sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um kjör Íþróttamanns ársins verður haldið 30. desember næstkomandi.

8. Heiðranir

Tekin fyrir tillaga Heiðursráðs ÍSÍ um næstu útnefningar í Heiðurshöll ÍSÍ.

Samþykkt að útnefna Ríkharð Jónsson knattspyrnumann og Sigríði Sigurðardóttur handknattleikskonu næst inn í Heiðurshöll ÍSÍ. Afhending heiðursveitinganna fer fram á hófi um Íþróttamann ársins 2015, 30. desember nk. Ríkharður og Sigríður verða 12. og 13. í röðinni til að hlotnast þessi heiður.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 236. fundur framkvæmdastjórnar
- 16 og 17. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 2. nóvember 2015

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn að samþykkja tillögu SKÍ að valreglum á Ólympíuleika ungmenna í Lillehammer 2016 eins og hún er fram sett í fundargerð sviðsins. Tillagan samþykkt.

- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 11. september 2015
- Laganefnd ÍSÍ frá 16. október 2015
- Heiðursráð ÍSÍ frá 14. september 2015
- Heiðursráð frá 2. október 2015

10. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn 26. nóvember kl. 16:00, daginn fyrir Formannafund.

12. Önnur mál

Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ lagði fram drög að endurbættri reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ til kynningar. Stefnt er að því að staðfesta reglugerðina á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Aðalfundur ANOC

Forseti skýrði frá aðalfundi ANOC sem haldinn var í Washington. Forseti sótti fundinn fyrir hönd ÍSÍ. Á fundinum var m.a. tilkynnt að World Beach Games fari fram í fyrsta skipti árið 2017 í San Diego.

Bréf vegna dansíþróttafélaga

Bréf hefur verið sent út til ÍBR, ÍBH og UMSK vegna málsins.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því að búið væri að opna umsóknarsvæði Ferðasjóðs íþróttafélaga. Frestur til að skila umsóknum í sjóðinn er 11. janúar 2016. Framlag til sjóðsins fyrir ferðir ársins 2015 er 85 m.kr. en 3 m.kr. fara til reksturs sjóðsins. Til úthlutunar eru því 82 m.kr., líkt og í fyrra.

Félagakerfi íþróttahreyfingarinnar

Örn Andrésson skýrði frá því að fyrsti hluti nýs félagakerfis sé við það að verða tilbúinn til prófunar. Ákvörðun hefur ekki enn verið tekin hjá UMFÍ um þátttöku í verkefninu.

Samningur við Advania um prentrekstur

Skrifstofustjóri skýrði frá undirritun samnings við Advania um prentrekstur skrifstofu ÍSÍ. Advania mun útvega ÍSÍ vél sem ljósritar, skannar og prentar. Með nýju fyrirkomulagi er verið að leitast við að minnka prentun og prentkostnað á skrifstofu ÍSÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.